



Nefndasvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli (sýklalyfjanotkun)

Samtök iðnaðarins fengu frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun), 140. mál, sent til umsagnar.

Með frumvarpinu, sem flutt er í þriðja sinn, er lögð til breytingar á núgildandi lögum 93/1995 þar sem fyrirtækjum sem hafa með höndum smásölu matvæla skulu tryggja með merkingum í sölurýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvæla og meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Samkvæmt frumvarpinu er einnig lögð skylda á Matvælastofnun að gefa árlega út leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „Samtökin eða SI“) vísa í fyrri umsögn þar sem tekið er undir mikilvægi að bæta miðlun upplýsinga um uppruna, gæði og framleiðsluhætti matvæla. Á Íslandi eru í gildi fjölmörg lög og reglugerðir er snerta upprunamerkingar matvæla þar sem fram kemur að skylt sé að merkja helstu kjöttegundir og flestar matjurtir með upprunalandi. Má hér nefna 11. gr. laga nr. 39/1995 um matvæli. Reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda og gildistöku reglugerðar ESB nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Skylt er að merkja helstu kjöttegundir og allflest matjurtir með upprunalandi.

Í febrúar 2019 var undirritað samkomulag milli Samtaka iðnaðarins, Bændasamtaka Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að gerð yrði gagnskör í því að bæta merkingar á matvælum. Með því yrði leitast við að tryggja betur rétt neytenda til upplýsinga, meðal annars um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum í september 2020. Í þeim er meðal annars að finna leiðir til að bæta skilyrði og stöðu neytenda til að taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun varðandi uppruna matvæla og hvatningu til stjórnvalda um að stuðla að því að hægt verði að nota nýjar tæknilausnir til að geta stóraukið upplýsingagjöf til neytenda.

Matvælastofnun hefur vakið athygli á þeirri staðreynd að upplýsingar um meðalnotkun sýklalyfja í Evrópu við framleiðslu liggja ekki fyrir sem og sölutölur sýklalyfja dreift niður á dýrategundir. Nýverið var birt reglugerð um dýralyf (EB2019/6) þar sem Evrópuríkjum ber að safna gögnum um notkun sýklalyfja á hverju búi. Þau ákvæði taka ekki gildi innan ESB fyrr en árið 2027.


Í septembermánuði 2019 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp vegna átaks til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Er hópnum ætlað að gera aðgerðaráætlun vegna sýklalyfjaónæmra baktería í dýrum, sláturfurðum og matvælum. Jafnframt er hópnum ætlað að setja fram mismunandi valkosti við stefnu sem



miðar að því að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem í greinast sýklalyfjaónæmar bakteríur.

Samtökin leggja til að atvinnuveganefnd sendi frumvarpið til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til skoðunar á vettvangi starfshóps til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.

Virðingarfyllst,


Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði